MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 11. janúar 2022
Tilv.: MMR22010012/6.0-

Til sveitarfélaga og grunnskóla

Það er mikilvægt að fylgjast vel með þróun mála og grípa til markvissra sóttvarnaráðstafana til að draga úr áhrifum Covid 19 á skóla- og frístundastarf barna og ungmenna. Heilbrigðisyfirvöld hafa tekið ákvörðun um að gefa foreldrum kost á að velja bólusetningu fyrir börn á aldrinum 5-11 ára til að stemma stigu við áhrifum Covid-19.

Ljóst er að skipulag heilsugæslunnar á bólusetningum mun í einhverjum tilfellum kalla á breytingar á skipulagi skólastarfs. Með vísan til umfjöllunar og umræðna í vöktunarteymi um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir hvetur mennta- og barnamálaráðherra skóla til að halda sem eðlilegustu skólastarfi meðan á bólusetningum 5-11 ára barna stendur, en að skólum verði veitt svigrúm til aðgerða varðandi skólasókn eftir því sem við á hverju sinni.

Ásmundur Daðason

Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra